

Námskrárvefur: Námskrá.is

Handbók við gerð áfangalýsinga og námsbrautarlýsinga fyrir framhaldsskóla



Handbókin er birt á

Vinnuvef kennara:

<http://vinnuvefur.namskra.is/namskrargrunnur/>

Júní 2016

Efnisyfirlit

1. Aðgangur og réttindi í námskrárgrunni	4
2. Námsleið – námslok	5
2.1. Listi yfir möguleg námslok og námsleiðir	5
2.2. Námsleiðir í námskrárgrunni	7
3. Staðfesting– númer námsbrautalýsinga.....	10
4. Ferli námsbrautalýsinga í námskrárgrunni	11
5. Áfangar	13
5.1. Áfangasmiður	13
5.2. Að nota áfanga frá öðrum skóla	14
5.3. Að fjarlægja áfanga.....	14
5.4. Áfanganúmer	15
5.5. Ferli áfanga	16
6. Kjarni, skyldugreinar, pakkaval og áfangaval.....	17
7. Áfangalýsing sett í námskrárgrunn	18
8. Námsbrautarlýsing stofnuð í námskrárgrunni.....	21
9. Leiðbeiningar í námskrárgrunni.....	23
11. Gátlistar við mat á námsbrautum í staðfestingarferli	30

Námskrárgrunnur mennta- og menningarmálaráðuneytis er á vefnum Námskra.is, á slóðinni <http://namskra.is/framhaldsskolar>. Þetta er lokað vinnusvæði fyrir framhaldsskóla. Notendur með skilgreind réttindi setja þar inn áfangalýsingar og námsbrautalýsingar.

Í grunninum eru leiðbeiningar sem stýra og styðja við áfanga- og námsbrautargerð. Til glöggvunar má sjá yfirlit yfir þessar leiðbeiningar í kafla 9 í handbók þessari, bls .23, *Leiðbeiningar í námskrárgrunni*. Í grunninum sjálfum eru þessar leiðbeiningar sem leiða ferlið ásamt lýsingum á hugtökum og þar er t.d. hægt að sjá hlutfall eininga á hæfniprepum í kjarna.

Ítarefni við námskrárgerð, s.s. hæfniramar og hæfnikröfur starfa o.fl., má finna á vinnuvef kennara á slóðinni: <http://vinnuvefur.namskra.is/framhaldsskolar/>

Í Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011 er að finna þau viðmið sem námsbrautalýsingar og áfangalýsingar þurfa að uppfylla. Í vinnunni við skipulag og uppbyggingu námsbrauta er sérstaklega bent á kafla 10 í aðalnámskrá framhaldsskóla.

Slóð:

http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodes/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/0ABB69BA6A19540C00257EE500589F61/Attachment/adalnamskra_frsk_2_utg_breyt_2015.pdf)

Almennt er mælt með góðum undirbúningi áður en hafist er handa við að setja brautir í námskrárgrunninn. Í fyrsta lagi þurfa námslok að vera ákveðin því það er það fyrsta sem beðið er um við uppsetningu brautar. Hafa ber í huga að nafn á braut þarf að vera lýsandi. Nafn brautar þarf að vera búið að ákveða þegar innsetning í námskrárgrunninn hefst og mælt með að skólar hafi tilbúna prófarkalesna texta fyrir hæfniviðmið brauta og lykilhæfni og grunnþætti. Þannig sparast tími sem annars færi í uppfærslur sem oft eru tímafrekar. Áfangalýsingar þurfa að vera komnar í grunninn og tengdar við braut áður en forstöðumaður skóla samþykkir hana og hægt er að senda brautina til ráðuneytis í staðfestingarferli (þ.e. til Menntamálastofnunar til mats).

1. Aðgangur og réttindi í námskrárgrunni

Í byrjun þarf að stofna skólann í námskrárgrunninum og síðan er hægt að tengja forstöðumann og notendur við sinn skóla. Tengiliður Menntamálastofnunar sér um að stofna skóla og tengja forstöðumann við hann.

Sérhver notandi býr til sinn eigin aðgang, einnig forstöðumaður skóla. Það er gert af upphafsíðu vefsins: namskra.is, með því að smella á **Innskráning** og velja þar **Skráning sem nýr notandi**

Athugið að séríslenska stafi og tákni á ekki að nota í notandanafni eða lykilorði.

Skilgreindur forstöðumaður skólans í námskrárgrunninum tengir notendur við skólann og gefur þeim réttindi. Til þess þarf forstöðumaður að fá notandanafn viðkomandi.

Ef notandi gleymir lykilorði er hægt að fá það sent í vefpósti af innskráningarsíðu.

Notendur í námskrárgrunninum fá úthlutað mismunandi réttindum af forstöðumanni.

Meðlimir (starfsmenn)	Námsbrautarstjóri	Áfangastjóri	Námsbrautir	Áfangar
steinunn	☒	☒	☒	☒
gudny	☐	☐	☐	☒
helena	☐	☐	☐	☐

Leita eftir notandanafni
gp
mk_principal

Áfangar

Þessi merking gefur réttindi til að setja inn áfangalýsingu og senda til samþykktar.

Námsbrautir

Þessi merking gefur réttindi til að setja inn námsbrautalýsingar og senda til námsbrautarstjóra til samþykktar.

Áfangastjóri

Þessi merking gefur réttindi til að samþykkja áfangalýsingar.

Námsbrautarstjóri

Þessi merking gefur réttindi til að samþykkja námsbrautir.

Forstöðumaður skóla

Forstöðumaður skóla í námskrárgrunninum er sá eini sem hefur réttindi til að senda námsbrautarlýsingu í staðfestingarferli. Aðeins einn aðili í hverjum skóla hefur réttindi til að senda námsbrautarlýsingu til ráðuneytis eftir að námskrárstjóri hefur samþykkt hana.

2. Námsleið – námslok**2.1. Listi yfir möguleg námslok og námsleiðir**

Skilgreindar námsleiðir eru tengdar við hæfniprep í grunninum og mikilvægt að ígrunda vel og staðsetja námsbraut á rétt námslok strax í byrjun. Námslokin eru það fyrsta sem þarf að velja þegar braut er stofnum í námskrárgrunni. Skóli getur ekki breytt námslokum og þarf því að setja braut upp aftur frá grunni ef ekki er rétt valið í byrjun.

Hæfni- prep	Fjöldi námsloka	Nöfn/tegund námsloka
1	Starfsbraut fatlaðra framhalds- skólapróf grunnnám starfsgreina	starfsbraut framhaldsskólapróf grunnnám starfsgreina skólaliði
2	framhalds- skólapróf grunnnám starfsgreina	framhaldsskólapróf <u>Próf til starfsréttinda:</u> tanntæknir <u>Önnur lokapróf:</u> grunnnám starfsgreina heilbrigðisritari félagsliði leikskólaliði frístundaleiðbeinandi

	próf til starfs- réttinda önnur lokapróf	vélstjóri A skipstjóri A	skrifstofutæknir verslunartæknir stuðningsfulltrúi fatatæknir kjötskurðarmaður hestasveinn bókasafnstæknir slátrari sótthreinsitæknir plasttæknir
Hæfni- þrep	Fjöldi námsloka	Nöfn/tegund námsloka	
3	stúdent próf til starfsréttinda önnur lokapróf	stúdent <u>Próf til starfsréttinda:</u> húsasmiður húsgagnasmiður málari múrari pípulagningamaður veggfóðrari fótaaðgerðafræðingur lyfjateknir sjúkraliði kjólasveinn klæðskeri gull- og silfursmiður bakari framreiðslumaður kjötiðnaðarmaður matreiðslumaður matartæknir blikksmiður netagerðarmaður rennismiður stálsmiður vélvirki vélstjóri b	rafeindavirki rafveituvirki rafvélavirki rafvirki símsmiður bifvélavirki bifreiðasmiður bílamálari skipstjóri b skipstjóri c hársnyrtir snyrtifræðingur skrúðgarðyrkjufraðingur bókbindari ljósmyndari prentari prentsmiður/grafískur miðlari lyfjateknir plastbátasmiður læknaritari <u>Önnur lokapróf:</u> tækniteiknari garðyrkjufraðingur búfræðingur fjölmiðlatæknir heilsunuddari
4	viðbótarnám við framhaldsskóla	<u>Próf til starfsréttinda á fjórða þrepi</u> vélstjóri c vélstjóri d/vélfræðingur skipstjóri d skipstjóri e <u>framhaldsnám heilbrigðisgreina</u>	<u>viðbótarnám á 4. þrepi</u> iðnmeistaránám leiðsögumaður margmiðlunarfræðingur <u>viðbótarnám við framhaldsskóla</u> (fjórða þrep)

2.2. Námsleiðir í námskrárgrunni

Allar námsbrautir hafa námslok á ákveðnu hæfniprepi. Undir hverjum námslokum eru námsleiðir sem notandi velur úr lista. Hver námslok og þar með námsleið hafa ákveðið hæfniprep frá 1 til 3, og 4 í stöku tilfellum þegar nám er komið að mörkum háskóla.

Hér er listi yfir námslok í námskrárgrunni

Eftirfarandi leiðbeiningar og texta er að finna í grunninum.

Leiðbeiningar

Tegund námsleiðar tengir saman námslok, hæfniprep og námssvið sem og lýsingu á þekkingu, leikni og hæfni nemenda að námi loknu.

Tegund námsleiðar er valin úr lista yfir námslok.

Ekki verða mynduð ný námslok nema að vel ígrunduðu máli, þarfagreining liggja fyrir og starfsgreinaráð fengið til umsagnar.

(Gert er ráð fyrir að við skipulag námsbrauta verði að jafnaði að velja námslok sem til eru í grunninum. Ekki verði mynduð ný námslok nema að vel ígrunduðu máli, þarfagreining liggja fyrir og starfsgreinaráð fengið til umsagnar.)

Önnur lokapróf á fyrsta þrepi

Nemandi sem lokið hefur námi sem fellur undir önnur lokapróf á 1. hæfniprepi getur unnið sjálfstætt undir stjórn eða eftirliti yfirmanns. Hann býr yfir almennri þekkingu, leikni og hæfni sem nýtist þar sem ekki er krafist mikillar sérhæfingar. Nemandinn getur skipulagt og forgangsraðað störfum sínum og býr yfir hæfni til að skýra verklag tengt starfsumhverfi og sérþekkingu. Hann ber virðingu fyrir grundvallarreglum starfsumhverfis.

skólaliði, grunnnám starfsgreina

Framhaldsskólapróf á öðru þrepi

Nemandi með framhaldsskólapróf á 2. hæfniprepi hefur öðlast hæfni til að tjá skoðanir sínar og skýra verklag tengt skilgreindu sérsviði eða starfsumhverfi á ábyrgan, sjálfstæðan og skýran hátt. Hann getur unnið sjálfstætt undir stjórn yfirmanns. Hann býr yfir grundvallarþekkingu, leikni og hæfni innan sérþekkingar eða starfsvettvangs, getur skipulagt og forgangsraðað störfum sínum, veitt ráðgjöf og leiðbeiningar í samráði við yfirmann. Hann býr yfir ábyrgð gagnvart starfi og starfsumhverfi og getur tengt þekkingu sína og leikni við starfsumhverfi og daglegt líf.

framhaldsskólapróf



Önnur lokapróf á fyrsta þrepi
Framhaldsskólapróf á öðru þrepi
Próf til starfsréttinda á öðru þrepi
Önnur lokapróf á öðru þrepi
Próf til starfsréttinda á þriðja þrepi
Bóknámsbrautir til stúdentsprófs (þriðja þrep)
Önnur lokapróf á þriðja þrepi
Próf til starfsréttinda á fjórða þrepi
Viðbótarnám við framhaldsskóla (fjórða þrep)
Aðrar brautir til stúdentsprófs (þriðja þrep)
Nám fyrir nemendur á starfsbraut
Framhaldsskólapróf á fyrsta þrepi

Próf til starfsréttinda á öðru þrepi

Nemandi með starfsnámspróf á 2. hæfniprepi getur unnið sjálfstætt undir stjórn yfirmanns. Hann býr yfir grundvallarþekkingu, leikni og hæfni innan starfsvettvangs, getur skipulagt og forgangsraðað störfum sínum, veitt ráðgjöf og leiðbeiningar í samráði við yfirmann. Hann ber virðingu fyrir grundvallarreglum starfsumhverfis, býr yfir ábyrgð gagnvart starfi og starfsumhverfi og hæfni til að tjá skoðanir sínar og skýra verklag tengdu starfsumhverfi á ábyrgan, sjálfstæðan og skýran hátt.

tanntæknir, vélstjóri a, skipstjóri a

Önnur lokapróf á öðru þrepi

Nemandi sem lokið hefur námi sem fellur undir önnur próf á 2. hæfniprepi getur unnið sjálfstætt undir stjórn yfirmanns. Hann býr yfir grundvallarþekkingu, leikni og hæfni innan starfsvettvangs, listgreinar eða sérþekkingar, getur skipulagt og forgangsraðað störfum sínum, veitt ráðgjöf og leiðbeiningar í samráði við yfirmann. Hann ber virðingu fyrir grundvallarreglum starfsumhverfis, býr yfir ábyrgð gagnvart starfi og starfsumhverfi og hæfni til að tjá skoðanir sínar og skýra verklag tengt starfsumhverfi á ábyrgan, sjálfstæðan og skýran hátt.

grunnnaám starfsgreina, heilbrigðisritari, félagsliði, leikskólaliði, frístundaleiðbeinandi, skrifstofutæknir, verslunartæknir, stuðningsfulltrúi, fatatæknir, kjötskurðarmaður, hestasveinn, bókasafnstæknir, slátrari, sóttþreinsitæknir, plasttæknir

Próf til starfsréttinda á þriðja þrepi

Nemandi með starfsréttindapróf býr yfir þekkingu, leikni og hæfni til að skipuleggja, velja og beita viðeigandi vinnuaðferðum á sjálfstæðan og ábyrgan hátt. Hann þekkir siðferðilega stöðu sína, getur metið eigin störf. Hann getur leiðbeint neytendum, viðskipavinum og samstarfsmönnum á vinnustað. Hann býr yfir hæfni til að geta tjáð sig um sérhæfða þekkingu sína á erlendu tungumáli sé þess krafist, getur skýrt verklag tengt starfsumhverfi á ábyrgan, gangrýnn og skýran hátt, getur nýtt þekkingu sína leikni og hæfni til að greina ný tækifæri og verið virkur og ábyrgur í lýðræðislegu samfélagi starfsgreinar sinnar.

húsgagnsmiður, húsgagnasmiður, málari, múrari, pípulagningamaður, veggfóðrari, fótaaðgerðafræðingur, lyfjateknir, sjúkraliði, kjólasveinn, klæðskeri, gull- og silfursmiður, bakari, framreiðslumaður, kjötiðnaðarmaður, matreiðslumaður, matartæknir, blikksmiður, netagerðarmaður, rennismiður, stálsmiður, vélvirki, vélstjóri b, rafeindavirki, rafveituvirki, rafvélavirki, rafvirki, símsmiður, bifvélavirki, bifreiðasmiður, bílasmálari, skipstjóri b, skipstjóri c, hársnyrtir, snyrtifræðingur, skrudgarðyrkjufraðingur, bókbindari, ljósmyndari, prentari, prentsmiður/grafískur miðlari, lyfjateknir, plastbátasmiður

Bóknámsbrautir til stúdentsprófs (þriðja þrep)

Nemandi með stúdentspróf af bóknámsbraut býr yfir almennri og sérhæfðri þekkingu, leikni og hæfni til að takast á við nám á háskólastigi. Sérhæfingin tengist fræðasviði á háskólastigi sem er grundvallað á bóknaði. Við sérhæfinguna hefur nemandi öðlast innsýn í starfsaðferðir viðkomandi fræðasamfélags og býr yfir hæfni til að verða ábyrgur og virkur einstaklingur í því lýðræðislega samfélagi. Hann getur nýtt sér norrænt og annað erlent tungumál við frekara nám og sér menntun sína í alþjóðlegu samhengi. Hann býr yfir hæfni til að geta tjáð sig um sérhæfða þekkingu sína, getur skýrt og rökstutt verklag á ábyrgan, gagnrýnn og skýran hátt. Hann býr yfir hæfni til að tengja þekkingu sína og leikni við tækni og vísindi, getur nýtt þekkingu sína, leikni og hæfni til að greina ný tækifæri og getur tekist á við frekara nám á háskólastigi.

stúdent

Önnur lokapróf á þriðja þrepi

Nemandi sem lokið hefur námi sem fellur undir önnur próf á 3. hæfniprepi býr yfir sérhæfðri þekkingu, leikni og hæfni innan starfsvettvangs, listgreinar eða sérþekkingar til að skipuleggja, velja og beita viðeigandi vinnuaðferðum á sjálfstæðan og ábyrgan hátt. Hann þekkir siðferðilega stöðu sína, getur metið eigin störf. Hann getur leiðbeint neytendum, viðskipavinum og samstarfsmönnum. Hann býr yfir hæfni til að geta tjáð sig um sérhæfða þekkingu sína á erlendu tungumáli sé þess krafist, getur skýrt verklag tengt starfsumhverfi, listgrein eða sérþekkingu á ábyrgan, gangrýnn og skýran hátt, getur nýtt þekkingu sína leikni og hæfni til að greina ný tækifæri og verið virkur og ábyrgur í lýðræðislegu samfélagi sérþekkingar sinnar.

tækniteiknari, garðyrkjufraðingur, búfræðingur, fjölmiðlatæknir, heilsunuddari

Próf til starfsréttinda á fjórða þrepi

Starfsréttindapróf á 4. hæfniprepi felur í sér löggilt réttindi. Nemandi sem hefur lokið þannig námi hefur öðlast aukna sérhæfingu og/eða útvíkkað sérhæfingu sína t.d. í tengslum við stjórnun, leiðsögn, þróun eða nýsköpun.

vélstjóri c, vélstjóri d/vélfræðingur, skipstjóri d, skipstjóri e

Viðbótarnám við framhaldsskóla (fjórða þrep)

Nemandi sem lokið hefur viðbótarnámi við framhaldsskóla hefur öðlast aukna sérhæfingu innan starfsnáms, listnáms eða annarrar sérhæfingar og/eða útvíkkað sérhæfingu sína t.d. í tengslum við stjórnun, leiðsögn, þróun eða nýsköpun.

leiðsögumaður, margmiðlunarfræðingur, iðnmeistararnám, framhaldsnám heilbrigðisgreina, viðbótarnám við framhaldsskóla

Aðrar brautir til stúdentsprófs (þriðja þrep)

Nemandi með stúdentspróf af öðrum brautum en bóknámsbrautum býr yfir almennri og sérhæfðri þekkingu, leikni og hæfni til að takast á við nám á háskólastigi. Sérhæfingin tengist fræðasviði á háskólastigi sem er grundvallað á starfsnámi eða listnámi. Við sérhæfinguna hefur nemandi öðlast innsýn í starfsaðferðir viðkomandi fræðasamfélags og býr yfir hæfni til að verða ábyrgur og virkur einstaklingur í því lýðræðislega samfélagi. Hann getur nýtt sér norrænt tungumál og eftir atvikum grunnþekkingu í þriðja tungumáli, samfélagsgreinum eða raungreinum við frekara nám og sér menntun sína í alþjóðlegu samhengi. Hann býr yfir hæfni til að geta tjáð sig um sérhæfða þekkingu sína, getur skýrt og rökstutt verklag á ábyrgan, gagnrýnn og skýran hátt. Hann býr yfir hæfni til að tengja þekkingu sína og leikni við tækni og vísindi, getur nýtt þekkingu sína, leikni og hæfni til að greina ný tækifæri og getur tekist á við frekara nám á háskólastigi.

stúdent

Nám fyrir nemendur á starfsbraut (fyrsta þrep)

Nám fyrir nemendur á starfsbraut miðar að því að auka færni nemenda til aukins náms þar sem það á við, sjálfstæðrar búsetu, atvinnuþátttöku á almennum vinnumarkaði ef við verður komið og að njóta þeirra lífsgæða sem felast í virkri þátttöku í félagslífi og tómstundastarfi á eigin forsendum.

starfsbraut

Framhaldsskólapróf á fyrsta þrepi

Nemandi með framhaldsskólapróf á 1. hæfniprepi hefur unnið að því að öðlast hæfni í að tjá hugsanir sínar og tilfinningar í rökréttu samhengi, öðlast skýra sjálfsmynd og gera sér grein fyrir hvernig hann getur hagnýtt sterkar hliðar sínar á skapandi hátt. Hann hefur unnið að því að taka ábyrga afstöðu til eigin velferðar, tileinka sér jákvætt viðhorf til náms og að verða virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu nær- og fjärsamfélagi. Hann hefur einnig unnið að því að öðlast hæfni til að tengja þekkingu sína og leikni við daglegt líf, tækni og vísindi.

framhaldsskólapróf

3. Staðfesting– númer námsbrautalýsinga

Númer námsbrautalýsinga

Skólar ákveða nöfn brauta en hver braut fær einkvætt auðkenni þegar hún kemur í staðfestingarferli. Auðkennið samanstendur af fjórum tölum.

Dæmi: Listnámsbraut **(15-6-3-7)**, stúdent – hæfniprep 3

Hver tala hefur eftirfarandi merkingu:

fyrsta talan = ár,

önnur talan =staðfestingarnúmer í námskrárgrunni,

þriðja talan =hæfniprep námsins,

fjórða talan =námslok

Eftirfarandi 12 námslok eru skilgreind í aðalnámskrá og er það aftasta talan í númeri brautar:

- 1 - Framhaldsskólapróf á fyrsta þrepi
- 2 - Önnur lokapróf á fyrsta þrepi
- 3 - Framhaldsskólapróf á öðru þrepi
- 4 - Próf til starfsréttinda á öðru þrepi
- 5 - Önnur lokapróf á öðru þrepi
- 6 - Bóknámsbrautir til stúdentsprófs (þriðja prep)
- 7 - Aðrar brautir til stúdentsprófs (þriðja prep)
- 8 - Próf til starfsréttinda á þriðja þrepi
- 9 - Önnur lokapróf á þriðja þrepi
- 10 - Próf til starfsréttinda á fjórða þrepi
- 11 - Viðbótarnám við framhaldsskóla (fjórða prep)
- 12 - Nám fyrir nemendur á starfsbraut (fyrsta prep)

4. Ferli námsbrautalýsinga í námskrárgrunni


Námskrárgrunnur	Staða	Hnappur
Mínar brautir braut er hjá stofnanda	Í vinnslu	- Senda til námskrárstjóra
Brautir í mínum skóla braut er hjá námsbrautastjóra	Í vinnslu hjá skóla	- Samþykkja fyrir hönd skóla - Hafna
Brautir í staðfestingarferli braut er hjá skólameistara	Samþykkt af skóla	- Senda til staðfestingar hjá ráðuneyti (hjá MMS)
Brautir í staðfestingarferli braut er hjá MMS, starfsgreinaráði eða bíður staðfestingar í ráðuneyti	Setja í staðfestingarferli hjá ráðuneyti (MMS)	- Staðfesta - Hafna (fer aftur til skóla með umsögn)
Staðfestar brautir	Samþykkt af ráðuneyti	



Forstöðumenn skóla, skólameistarar, eru þeir einu sem hafa heimild til að senda brautir í staðfestingarferli fyrir hönd síns skóla. Braut er send í staðfestingarferli til ráðuneytis (Menntamálastofnunar) þegar námsbrautarstjóri hefur samþykkt braut. Brautin hefur þá stöðuna *samþykkt af skóla*.

Til þess að senda braut í staðfestingarferli þarf að fara í lýsinguna með því að smella á titil brautar.

Það á ekki að smella á breytingarhnappana eins og gert er þegar verið er að setja efni inn eða breyta lýsingu.



Smellt er á heiti brautar, brautartitil, þá birtist brautin í lesham.

Neðst í brautarlýsingu eru tveir hnappar, annar hefur textann:

Senda til staðfestingar hjá ráðuneyti
og á hinum er textinn: **Hafna**



Ef forstöðumaður skóla/skólameistari telur eitthvað athugavert við brautarlýsingu hafnar hann braut og hún fer aftur til námsbrautarstjóra. Ef braut er í lagi smellir hann á hnappinn

Senda til staðfestingar hjá ráðuneyti – og brautin fer í staðfestingarferli hjá MMS sem yfirfer lýsingar, gefur skólum umsögn um brautir, samþykkir og sendir ráðuneyti til staðfestingar.

Ef smellt er á **appelsínugula hnappinn** – Nota sem grunn – verður til afrit af brautarlýsingunni án titils á braut. Ef óvart er búin til braut á þennan hátt er mikilvægt að eyða henni sem fyrst svo ekki komi til ruglings síðar meir.

Mælt er með því að námsbrautastjórar hafi samband við fulltrúa Menntamálastofnunar og fái staðfestingu á því að braut sé komin inn í ferli.

Sjá kafla 5.5. um ferli áfanga og samþykkt þeirra.

5. Áfangar

5.1. Áfangasmiður

Í áfangasmið er hægt að sjá yfirlit yfir áfangalýsingar í skóla, leita að áföngum og búa til nýjar áfangalýsingar. Skólar hafa aðgang að öllum samþykktum lýsingum annarra skóla í grunninum. Einnig geta skólar tekið afrit af áfangalýsingum bæði sínum eigin og annarra og breytt þeim. Í kafla 7 er fjallað um hvernig áfangi er settur í grunninn.

The screenshot shows the 'ÁFANGI' interface. At the top left is a search bar. Below it are four buttons: 'Sækja', 'Sækja áfanga skóla', 'Sækja Uppáhalds', and 'Hreinsa'. To the right of these buttons are four colored buttons: 'Öll prep' (blue), '1. prep' (yellow), '2. prep' (orange), and '3. prep' (green). Further right are three checkboxes: 'Skammstöfun' (checked), 'Námsgrein' (checked), and 'Titill' (checked). At the top right is a dropdown menu labeled 'Allir áfangar' and an orange button labeled 'Búa til áfanga'.

This close-up shows the dropdown menu with 'Allir áfangar' selected. Below it is the orange 'Búa til áfanga' button. Red arrows point from the text to the dropdown and the button.

Hér er hægt að stilla á: Allir áfangar, mínir áfangar, minn skóli, samþykkt af skóla o.fl.

Til að búa til nýja áfangalýsingu er farið í Búa til áfanga

Áfangayfirlitið sækir ekki sjálfkrafa alla áfanga. Notandi þarf að slá inn leitarstreng og ýta á "sækja" takkann. Niðurstöðurnar eru safn af áföngum út frá leitarstrengnum sem taka mið af hvaða valmöguleika er hakað við í kössum (skammstöfun, námsgrein, titill).

This screenshot shows the search results. The search bar is empty. The buttons 'Sækja', 'Sækja áfanga skóla', 'Sækja Uppáhalds', and 'Hreinsa' are visible. The 'Öll prep' button is highlighted. The checkboxes 'Skammstöfun', 'Námsgrein', and 'Titill' are all checked. A red arrow points from the text to the search bar.

Í þennan reit er settur leitarstrengur en ýmsir möguleikar eru til leitar að áföngum. Hægt er leita eftir prepum, skammstöfun, námsgrein, titli áfanga o.fl.

Sækja – Sækja áfanga skóla - Sækja uppáhalds – Hreinsa

Hægt er að safna áföngum í safnið með því að leita aftur með nýjum leitarskilyrðum. Einnig er takki sem sækir áfanga skóla sem notandi er aðili að. Hægt er að hreinsa burt alla áfanga úr viðmótinu með því að ýta á "hreinsa" takkann.

5.2. Að nota áfanga frá öðrum skóla

Ef ætlunin er að nýta áfangalýsingu frá öðrum skóla á braut þarf notandi að merkja þá áfangalýsingu sem uppáhalds. Við það verður hægt að nálgast áfangann í brautarsmið og setja inná braut. Áfangi þarf að vera samþykktur svo hann sjáist í brautarsmið og hægt sé að setja hann inná brautarlýsingu.



Uppáhalds	Skammstöfun	Námsgrein	Þrep	Staða	Titill	
☒	ÍSLE2MR05_24	íslenska	2	Samþykkt af skóla	Lestur og ritun	  
☐	ÍSLE2LR01	íslenska	2	Í vinnslu		

Eftirfarandi hnappar gera mögulegt að (fer eftir réttindum notanda):


	breyta áfangalýsingu sem ekki er búið að samþykkja
	henda/eyða áfanga. Höfundur hefur þennan möguleika meðan ekki er búið að samþykkja áfangann
	taka afrit af áfangalýsingu og breyta, sama nafn helst á áfanga en slóð breytist og útgáfunúmer

5.3. Að fjarlægja áfanga

Skólar geta fjarlægt samþykktar áfangalýsingar úr skóla þannig að þær koma ekki upp þegar áfangasafn skólans er skoðað. Áfangalýsingin hverfur þó ekki úr kerfinu og áfram er hægt að finna hana í heildaráfangasafni grunnsins.

Áfangastjóri eða námsbrautastjóri fjarlægir áfanga úr skóla með því að smella á heiti hans eða skammstöfun í áfangasmið eða með því að fara inní áfangann af braut, fara neðst á síðuna og smella á Fjarlægja áfanga úr skóla. Þetta er einungis hægt ef notandinn er námsbrautastjóri eða áfangastjóri í skólanum og áfanginn hefur verið samþykktur.

Óstaðfestum áföngum getur notandi (höfundur) eytt ef áfangi hefur ekki verið sendur til áfangastjóra eða ef áfangastjóri hefur hafnað honum.



Hnappur til að fjarlægja áfanga úr skóla er neðst í áfangalýsingu

5.4. Áfanganúmer

Í áfanganúmerakerfinu er öllum áföngum á framhaldsskólastigi raðað niður á fjögur hæfniprep, sem kallast 1., 2., 3. og 4. þrep. Sjá Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011, kafla 7, s. 41 – 46.

Áfanganúmer skóla er 9 stafir, t.d. **MYND2AB05**, auk útgáfunúmers.

- fyrstu fjórir stafirnir **MYND** eru einkennisstafir námsgreina eða faga, í þessu tilfelli myndmennt,

- fimmti stafur **2** segir á hvaða hæfniprepi áfanginn er,

- sjötti og sjöundi stafur **AB** eru einkennisstafir áherslu innan námsgreinar eða fags (**Ab**strakt listaverk),

- áttundi og níundi stafur **05** segir til um hversu margar einingar áfanginn gefur.

Útgáfunúmer er hlaupandi tala sem byrjar á 0 en eykst svo með hverri útgáfu þ.e. þegar áfangi hefur verið samþykktur af skóla og er síðan notaður sem grunnur að nýjum (fær þá nýja slóð).

Samsetning áfanganúmers og útgáfunúmers mynda kennitölu áfanga.

Í kennitölu áfanga er útgáfunúmerið aðgreint frá áfanganúmeri með undirstriki. Fimmta útgáfa myndmenntaáfangans myndi hafa kennitöluna: MYND2AB05_4 en tuttugasta útgáfa áfangans myndi hafa kennitöluna: MYND2AB05_19.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að þegar áfangi hefur verið samþykktur er ekki hægt að breyta honum.

Áfangalýsingar þarf að yfirfara vandlega áður en þær eru samþykktar.

5.5. Ferli áfanga

Þegar áfangalýsing hefur verið vistuð hefur höfundur eftirfarandi möguleika: [breyta](#), [eyða](#), [nota sem grunn](#) (sniðmát).




Til að sjá áfangalýsingar smellir maður á heitið – neðst í áfangalýsingunni er hnappur til að senda til námskrárstjóra til samþykktar. Þegar áfangalýsing er fullgerð er hún send til námskrárstjóra. Eftir það getur höfundur hennar ekki breytt henni og hún fær stöðuna: **for inspection**.

Skammstöfun	Námsgrein	Þrep	Staða	Titill
MATR2N/E06	matreiðsla	2	for inspection	Matur

Þegar námsbrautastjóri hefur samþykkt áfangalýsingu er **ekki** hægt að breyta henni enda á hún þá að vera tilbúin að tengjast braut. Eini möguleikinn sem þá er í boði er að nota áfangalýsinguna sem grunn til að byggja annan áfanga á.

Ef valið er að gera nýjan áfanga sem byggir á eldri áfanga er notað



nota sem grunn: áfangi

Þegar áfangi sem byggir á öðrum á þennan hátt er samþykktur af skóla fær hann nýtt útgáfunúmer og nýja slóð (url). Eftir það er ekki hægt að breyta honum eins og fram hefur komið. Athugið að áfangar með sama heiti hafa sömu viðfangsefni. Dæmi: [ÍSLE1AL05_69](#) Viðfangsefnið hér er **AL** sem stendur fyrir **almenn málnotkun og læsi**. Þessu er ekki hægt að breyta þegar áfangi er notaður sem grunnur. Áfangalýsing getur því verið breytileg þó áfangi hafi sama heiti. Nýtt útgáfunúmer og ný slóð aðgreinir hana frá öðrum áfangalýsingum með sama heiti.

Þegar bókstafir hafa verið notaðir áður í skammstöfun í áfanganúmeri eru þeir fráteknir og ekki hægt að nota þá fyrir annað viðfangsefni. Námsgrein er t.d. enska sem er ENSK í áfanganúmeri, LÍFSLEIKNI sem er LÍFS. Nokkuð hefur borið á því að það sem á heima í titli áfanga sé notað sem námsgrein. Dæmi um það væri t.d. að nota ENSK fyrir námsgrein sem

einhver hefði skilgreint sem Enska á starfsbraut (sem með réttu væri titill áfanga). Þetta hefði í för með sér að aðrir enskuáfangar gætu ekki fengið þessa skammstöfun og það hefur áhrif á alla skóla í grunninum. Þetta dæmi á ekki við rök að styðjast en önnur sambærileg dæmi er að finna í grunninum.

Svipað á við um síðari tvo bókstafina í áfanganúmeri ÍSLE3BR05. Allir geta notað það sem komið er í grunninn á áfanga sína ef viðfangsefnið er nokkurn veginn það sama. Ef viðfangsefni finnst ekki í þeim lista sem kominn er þarf að búa til nýtt, setja inn viðfangsefni sem passa og velja skammstöfun, helst með einhverja skírskotun í viðfangsefni áfangans. Þegar ný viðfangsefni og þar með ný tveggja bókstafa skammstöfun er búin til þarf að vanda til verka og hafa í huga að þetta mun hafa áhrif á alla sem eru að setja inn sambærilega eða svipaða áfanga.

6. Kjarni, skyldugreinar, pakkaval og áfangaval

Gert er ráð fyrir að hver braut samanstandi af a.m.k. kjarna og/eða brautarkjarna (kjarni og séráfangar brautar) sem eru skyldugreinar á brautinni. Síðan er hægt að bæta við bundnu áfangavali, bundnu pakkavali, frjálstu vali o.fl. Í bundnu vali skal leitast við að velja saman áfanga með svipað vægi t.d. hvað varðar sérhæfingu brautar og þrepaskiptingu náms. Í bundnu pakkavali ættu áfangar að hafa jafnt vægi og hefur þessi möguleiki t.d. verið notaður á stúdentsbrautum þar sem nemendur velja sér þriðja mál. Mikilvægt er að skipuleggja braut þannig nemendur fái heildarsýn á uppbyggingu námsins og að skylduáföngum og vali sé stillt upp þannig að það sé leiðbeinandi og hjálpi til við að staðsetja námsval á hæfniprep.

Kjarni – skyldugreinar brautar (oft sameiginleg með mörgum brautum skólans)

Brautarkjarni – skyldugreinar og/eða sérhæfing brautar mynda einn kjarna

Sérgreinar brautar – skyldugreinar í sérhæfingu brautar

Bundið áfangaval – safn áfanga þar sem nemandi þarf að velja skilgreindan fjölda áfanga eða eininga.

Bundið pakkaval – skilgreindir flokkar áfanga þar sem nemandi þarf að velja ákveðinn pakka, yfirleitt einn pakka af t.d. 2-3.

Frjálst val er fjöldi eininga sem er ekki bundinn við tilgreind fög.

Alltaf þarf að hafa í huga að hæfniprep námsins kallar á valáfanga við hæfi. Samsetning

námsins þarf að skila nemandanum á ákveðnu hæfniprepi í samræmi við námslok (hæfniprep námsleiðar). Í lýsingu á frjálsu vali þarf að koma fram fjöldi eininga, að hlutfall eininga á prep þurfi að fara eftir viðmiðum aðalnámskrár og að sérhæfing miðist við framtíðarnámsáætlanir nemanda. Á opnum stúdentsbrautum, og þar sem mikið val er, þarf að koma fram að æskilegt sé að nemendur velji áfanga í samráði við náms- og starfsráðgjafa.

7. Áfangalýsing sett í námskrárgrunn

Á Námskrá.is (namskra.is) undir framhaldsskóla eru **Áfangasmiður** og **Brautarsmiður**. Hér er fjallað um Áfangasmið og hvernig áfangalýsing er búin til í grunninum. Leiðbeiningar eru einnig í grunninum sjálfum og leiða þær vinnuna. Til að setja inn áfangalýsingu þarf notandi að hafa réttindi til þess.

Þegar smelt er á **Áfangasmiður** birtist eftirfarandi. Til að búa til nýja áfanga er smelt á **Búa til Áfanga**

Hægt er að leita í grunninum eftir heiti áfanga, t.d. ENSK til að fá upp lista yfir alla áfanga með því heiti. Til þess að takmarka leitina er hægt að velja prep og til að hefja leit þarf að nota appelsínugulu hnappana eftir því sem við á. Hægt er að safna áföngum í safnið með því að leita aftur með nýjum leitarskilyrðum. Einnig er takki sem sækir *áfanga skóla* sem notandi er aðili að. Hægt er að hreinsa burt alla áfanga úr viðmóttinu með því að ýta á „hreinsa“ takkann. Hér er best að prófa sig áfram.

Þegar smelt er á **Búa til áfanga** þarf fyrst að setja inn titil hans. Titillinn segir til um viðfangsefni áfangans en þarf ekki að vera námsgreinin, hún er valin næst.

GRUNNUPPLÝSINGAR SKILGREINA OG FLOKKA ÁFANGI

ÁFANGI

Titill

Skammstöfun

Titill gæti verið: **Bókmenntir og ritun**

Námsgrein gæti verið **íslenska** og þá er smelt á bókstafinn **í** í stafrófslista.

Hér er búið að setja inn titil og smella á bókstafinn **í** og velja þar úr lista námsgreinina íslensku.

Titill

Bókmenntir og ritun

Skammstöfun

ÍSLE

Námsgrein

íslenska (ÍSLE) [Breyta](#)

Viðfangsefni

Veldur viðfangsefni. Finnurðu ekki viðfangsefnið? [Búa til](#)

ritun, viðskiptaskjöl (VR) málskilningur, tjáning (TM) málskilningur, sérdeild (MS) ritun og tjáning
 lesskilningur (LL) málfræði, máltilfinning (MM) greinamerkjasetning, réttiritun (RG) fróðleiksöflun,
 samskipti (SF) bókmenntir, kjörbók (BK) bókmenntir, ritun (RB) bókmenntir, málsaga, ritun,

Þá þarf að fara í listann og sjá hvort til sé í grunninum skammstöfun fyrir viðfangsefnið, þ.e. það sem kemur fram í titlinum. Ef það er ekki að finna má búa til nýtt, eins og fram hefur komið áður.

Það þarf að setja inn hæfniprep áfangans og einingafjölda. Það má nota örvartakka til að færa til um einingu.

Flestar algengar námsgreinar voru búnar til í grunninum í upphafi en ef námsgrein hefur ekki verið skilgreind þarf að búa hana til á svipaðan hátt og viðfangsefnið. Hér þarf að ígrunda vel og hafa í huga þá sem á eftir koma og rugla ekki saman námsgrein, titli áfanga og viðfangsefni. Námsgrein er t.d. enska, íslenska, stærðfræði, efnisfræði, rafmagnsfræði, o.sfrv. Svo dæmi sé tekið er námsgrein ekki *íslenska fyrir útlendinga* eða *efnisfræði grunndeildar starfsgreina*.

Það þarf að setja inn lýsingu á áfanganum og hvaða forkrafna eða undanfara er krafist, ef það á við. Varðandi undanfara er æskilegt að vísa til námsgreinar og eininga á þrepi frekar en að setja inn áfangaheiti sem hæglega taka breytingum í vinnuferlinu.

Við innsetningu á námsbraut þarf að tengja áfangalýsingar við braut. Áfangar skóla birtast í Brautasmið en ef setja á inn á braut áfanga utan eigin skóla, þarf að gera áfangann að uppáhaldi hjá sér til að hafa aðgang að honum í brautasmið.

Áfangar eru merktir uppáhalds í áfangasmið.

Áfanginn þarf að vera samþykktur af sínum skóla til að þetta sé mögulegt.

Það þarf að skilgreina þekkingarviðmið, leikniviðmið og hvernig námsmati er háttað og að lokum hæfniviðmið áfangans. Í námskrárgrunni eru leiðbeiningar sem skýra hvernig á að skrifa þessi viðmið.

Að síðustu er reitur til að setja inn leiðbeiningar/athugasemdir fyrir kennara. Þessar leiðbeiningar og athugasemdir birtast einungis innskráðum notendum í námskrárgrunninum. Hér er t.d. hægt að vísa í innihald áfanga, áfanganúmer í eldri námskrá og/eða benda á aðferðir sem henta sérstaklega vel við kennslu og námsmat.

Þegar áfangi er tilbúinn er hann sendur til námskrárstjóra til samþykktar fyrir hönd skólans. Þá er smellt á heiti áfangans, áfangalýsing kemur upp og neðst á síðunni er hnappurinn:

Senda til námskrárstjóra.

Mikilvægt er að vanda vinnuna á öllum stigum og láta lesa texta yfir.

8. Námsbrautarlýsing stofnuð í námskrárgrunni

Vísað er í kafla 9 þar sem er að finna þær leiðbeiningar sem eru í grunninum og leiða vinnuna við innsetningu í hann. Hér verður fjallað um nokkur tæknileg atriði sem tengjast vinnu við innsetningu námsbrautar í grunninn.

Notandi þarf að vera með réttindi til að búa til braut.

Til að búa til braut er smellt á tengilinn Brautasmiður, þá birtist eftirfarandi og þar er smellt á


Búa til nýja braut



Fyrsta verkið er að skilgreina tegund námsleiðar (sjá kafla 2.2 – Námsleiðir í námskrárgrunni) með því að smella á rétt námslok, finna rétta námsleið og smella á hnappinn **Búa til nýja braut**.

Síðan er fyllt inn í reiti eins og við á.

Varðandi einingafjölda brautar má benda á að stilla má nákvæmlega einingafjölda með því að staðsetja bendil á stikusleða og smella á örvarlykla til að bæta við eða fækka einingum.



Þegar áfangalýsingar eru tengdar braut er gott vinnulag að hafa lista yfir áfanga. Upphafstafir áfanga eru settir í þar til gerðan reit og kemur þá upp listi af áföngum, þar er áfanginn fundinn, smellt á hann til að velja hann og síðan smellt á litla ör sem setur áfangann inn á brautina.

Hér er verið að vinna við kjarna sem skólinn hefur ákveðið að kalla „Kjarni“ en hann gæti einnig heitið t.d. „Kjarni náttúrufræðabraut“

Þegar áfanginn sem leitað var að er fundinn, er smeltt á hann og hann verður feitiletraður. Til að færa áfangann inn á brautina er síðan smeltt á appelsínugulu örina. Ef áfangi er frá öðrum skóla þarf að vera búinn að merkja hann í áfangasmíð sem **uppáhalds**. Til að þannig merktir áfangar birtist hér þarf að smella á Uppáhalds og fara að eins og að ofan er lýst.

Þegar áfangar í kjarna hafa verið settir á brautina má sjá hvernig þeir raðast hlutfallslega eftir hæfniprepi áfanganna. Það hjálpar við að staðsetja námið á rétt prep.

Hlutfall eininga á þrepum í kjarna			
Prep 1	Prep 2	Prep 3	Prep 4
0%	0%	0%	0%

Við innsetningu áfanga þarf að huga vel að vali áfanga í mismunandi flokka/pakka brautarinnar. Skýringar má finna í kafla 5, Áfangar á námsbraut: Kjarni, brautarkjarni, sérgreinar brautar, bundið áfangaval, bundið pakkaval, frjálst val.

Kjarni – skyldugreinar brautar (oft sameiginleg með fleiri brautum skólans)

Brautarkjarni – skyldugreinar og sérhæfing brautar mynda einn kjarna

Sérgreinar brautar – skyldugreinar í sérhæfingu brautar

Bundið áfangaval – safn áfanga þar sem velja þarf skilgreindan fjölda eininga.

Bundið pakkaval – skilgreindir flokkar áfanga, þar sem nemandi þarf að velja ákveðinn pakka, einn pakka eða fleiri.

Frjálst val er fjöldi eininga sem er ekki bundinn við nein tilgreind fög.

Mikilvægt er að skipuleggja og setja braut þannig fram að nemendur fái heildarsýn á uppbyggingu námsins.

9. Leiðbeiningar í námskrárgrunni

Eftirfarandi leiðbeiningar og texta er að finna í grunninum og eiga þær að vera leiðandi við vinnuna.

Grunnupplýsingar Meginatriði brautarlýsingar

Leiðbeiningar

Kynning á braut: Stutt lýsing á brautinni, markmiðum hennar, tengslum námsins við atvinnulíf og/eða önnur skólastig og stöðu nemenda að loknu námi.

Inntökuskilyrði: Segja til um kröfur sem nemendur þurfa að uppfylla til að geta verið skráðir á brautina. Þau geta til dæmis varðað einkunnir úr grunnskóla, önnur námslok eða áfanga sem þeir skulu hafa lokið.

Hæfniviðmið: Upptalning á viðmiðum sem endurspegla hæfni nemenda við námslok. Þau skulu vera lýsandi þannig að nemendur viti í upphafi að hverju er stefnt. Lögð er áhersla á að öll svið lykilhæfninnar séu sýnileg í hæfniviðmiðum námsbrauta.

Skrifa skal 10-15 viðmið í beinu framhaldi af setningunni: *Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að ...*

Sagnorð og orðasambönd sem vísa í hæfni eru t.d. afla, nýta, miðla, rökræða, útskýra, fjalla um, taka þátt, tengja ... við, vera virkur, vera ábyrgur, búa yfir, rökstyðja, gera sér grein fyrir, sýna skilning, sýna frumkvæði, gera, leysa af hendi, vinna, meta.

Ef um er að ræða starfsnámsbraut þarf að gæta þess að hæfniviðmið taki mið af skilgreindum hæfnikröfum starfs/starfssviðs.

Ef um er að ræða námsbraut til stúdentsprófs þarf að gæta þess að hæfniviðmið taki mið af skilgreindum hæfnikröfum háskólastigs og/eða fræðasviðs eftir því sem við á.

Ítarlegri upplýsingar Frekari lýsing á brautinni

Leiðbeiningar

Skipulag: Lýsir sérstökum áherslum námsbrautar. Er námið fyrst og fremst bóklegt, verklegt eða hvort tveggja? Hversu stór hluti náms er í skóla/á vinnustað? Eru einhverjar sérstakar áherslur sem einkenna námið og/eða námsumhverfið svo sem samvinnunám, vinnustofur, verklegt nám, bóklegt nám, starfsþjálfun og vinnustaðanám?

Reglur um námsframvindu: Skýra frá lágmarkseinkunnum, einingafjölda eða öðrum sértækum kröfum sem gerðar eru til nemenda. Þær geta tengst lágmarkseinkunn eða einingafjölda, svo sem til að flytjast á næstu önn, næsta ár, upp um þrep eða standast áfanga. Skrifa þarf reglur um námsframvindu hér þó svo það sé endurtekning á skólareglum.

Námsmat: Almenn umfjöllun um námsmat á brautinni, almennt og/eða sértækt.

Starfsnám: Skipulag, lengd og framkvæmd vinnustaðanáms og/eða starfsþjálfunar.

Í *vinnustaðanámi* eru alla jafna gerðar meiri kröfur um markvissa, skipulagða fræðslu, leiðsögn og eftirlit en þegar um starfsþjálfun er að ræða.

Í *starfsþjálfun* er lögð áhersla á að nemendur fái tækifæri til að þjálfa frekar verkþætti og verkferla sem þeir hafa þegar fengið kennslu í.

Fjallað er t.d. um skipulag, lengd og framkvæmd vinnustaðanáms og/eða starfsþjálfunar, hvort og hvernig ferilbók fylgi nemanda og skilgreiningu markmiða/hæfniviðmiða ef við á.

Grunnþættir og lykilhæfni Hvernig unnið er með grunnþætti og lykilhæfni

Leiðbeiningar

Vinna með *grunnþætti og lykilhæfni* getur til dæmis miðast við áfanga, námsbraut, skólastarf og nemendur.

Grunnþættir menntunar eiga að endurspeglast í skólastarfi, starfsháttum, skipulagi, þróunaráætlunum og tengslum við samfélag.

Lykilhæfni tengir grunnþættina við markmið um hæfni nemenda að loknu námi. Lykilhæfni er nýtt við skipulagningu námsbrauta, gerð áfangalýsinga og námsmat.

Lýsingar á grunnþáttum:

Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar

Felst í að móta ný viðfangsefni og miðla þeim, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpunarferlið stuðlar að frumkvæði, ígrundun og gagnrýnni hugsun og er því ekki síður mikilvægt en afrakstur verksins.

Nýsköpun og hagnýting þekkingar felur í sér áherslu á að skapa eða búa til eitthvað nýtt sem og endurbæta það sem þegar er til staðar.

Heilbrigði

Felur í sér meðvitund um góða heilsu sem er skilgreind sem líkamlegt, andlegt og félagslegt heilbrigði. Sérhver nemandi þarf að gera sér grein fyrir að hann ber ábyrgð á sjálfum sér og félagslegu umhverfi sínu. Líkamlegt heilbrigði stuðlar að góðri heilsu og almennri velferð þar sem lögð er rækt við hollar lífsvenjur, hreyfingu og heilbrigða lífshætti.

Andlegt heilbrigði er t.d. ábyrg afstaða til eineltis og annars ofbeldis.

Félagslegt heilbrigði felur í sér jákvæða og heilbrigða samskiptahætti og félagslega virkni.

Jafnrétti

Felur í sér að allir geta þroskast á eigin forsendum, óháð staðháttum og félagslegum aðstæðum.

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa öllum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi, jafnframt því að allir séu virkir þátttakendur í að skapa samfélag jafnræðis, jafnréttis og réttlætis.

Menntun til jafnréttis fjallar um hvernig aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litaháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni og þjóðerni geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks.

Lýðræði og mannréttindi

Fela í sér samábyrgð, meðvitund og virkni um að móta samfélag sitt. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Viðhorf, gildismat og siðferði eru ríkir þættir í lýðræðismenntun.

Virkur borgari býr yfir vitund um eigin ábyrgð, lýðræði, gagnrýna hugsun, umburðarlyndi, jafnrétti, mannréttindi og ber virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra.

Menntun til sjálfbærni

Felur í sér samspil umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags.

Sjálfbærnimenntun miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags.

Í sjálfbærnimenntun er lögð áhersla á skilning á þeim takmörkunum sem vistkerfi jarðar setur manninum, jöfnuð innan og milli kynslóða, skynsamlega nýtingu auðlinda og sanngjarna skiptingu þeirra.

Námshæfni

Felur í sér að þekkja eigin styrk- og veikleika.

Hún felur í sér sjálfsþekkingu, þ.e. að þekkja eigin styrkleika og veikleika og að vera fær um að taka ákvarðanir á þeim grunni. Námhæfni beinist að fróðleiksfýsn, trú á eigin getu og hæfileika til að beita þekkingu sinni, leikni og hæfni í margvíslegum viðfangsefnum á uppbyggilegan hátt. Hún tengist einnig getu til að tengja þekkingu og leikni við frekara nám og störf.

Læsi, tjáning og samskipti á íslensku

Auðveldar virk samskipti í félagslegu, menningarlegu og tæknilegu samhengi á Íslandi.

Læsi á íslensku höfðar til þess að hver einstaklingur hafi hæfni til að skynja og skilja umhverfi sitt og samfélag á gagnrýnninn hátt og taka þátt í að móta það. Lestur er öflugasta tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti er forsenda þátttöku í lýðræðislegu samfélagi. Íslensk tunga og menning tengir saman fortíð þjóðarinnar og nútíð.

Læsi, tjáning og samskipti á erlendum tungumálum

Ein af forsendum þess að geta átt farsæl samskipti við einstaklinga af öðru þjóðerni.

Hún leggur grunn að skilningi, víðsýni og virðingu. Tungumálakunnátta er lykillinn að upplýsingum og gefur

aðgengi að faglegu efni á erlendum tungumálum. Hún er ein af forsendum þess að geta átt farsæl samskipti og samvinnu við einstaklinga af öðru þjóðerni.

Læsi, tjáning og samskipti um tölur og upplýsingar

Felur í sér að geta aflað gagna, flokkað, unnið úr, notað og miðlað upplýsingum á gagnrýnni hátt.

Læsi á tölur felur í sér hæfni til að lesa úr, tjá sig um og nýta sér til gagns tölulegar upplýsingar.

Læsi á upplýsingar tekur m.a. til upplýsingatækni þar sem mikilvægt er að allir geti aflað gagna, flokkað, unnið úr, notað og miðlað upplýsingum á gagnrýnni og skapandi hátt.

Læsi á fjölmiðla gerir nemendum kleift að greina upplýsingar ólíkra miðla svo þeir geti sjálfir lagt gagnrýnið mat á þær.

Einingafjöldi Fjöldi framhaldsskólaeininga sem þarf til að útskrifast af brautinni

Leiðbeiningar

Einingafjöldi á brautinni ræðst af námslokum og hæfniprepi.

Í aðalnámskrá kemur fram lágmarks- og hámarkseiningafjöldi fyrir hver námslok.

Ein framhaldsskólaeining samsvarar 18-24 klukkustunda vinnu meðalnemanda, þ.e.a.s.

þriggja daga vinnu nemanda ef gert er ráð fyrir sex til átta klukkustunda vinnu að meðaltali á dag eftir eðli viðfangsefna og afkastagetu nemenda.

Kjarni Skylduáfangar brautarinnar

Leiðbeiningar

Skylduáfangar eru settir í kjarna nema val um norræn tungumál (ef um fleiri en eitt er að ræða í skóla) og val milli þriðja tungumáls, samfélagsgreina eða raungreina sem best er að setja í bundið pakkaval.

Hægt er að **búa til nýjan kjarna** ef tveir eða fleiri kjarnar eru á brautinni, t.d. skólakjarni og brautakjarni.

Áfangalistinn sýnir alla áfanga í námskrárgrunni, sem samþykktir eru og birtir af skólum.

Hægt er að skoða áfanga eftir þrepaskiptingu.

Bundið val Valáfangar og/eða valpakkar brautarinnar

Leiðbeiningar

Í **bundnu pakkavali** velja nemendur brautarinnar einn eða fleiri pakka sem samanstanda af fyrirfram ákveðnum áföngum. Val nemenda er skilgreint í fjölda pakka.

Áfangaval

Leiðbeiningar

Í **bundnu áfangavali** velja nemendur brautarinnar einn eða fleiri áfanga úr fyrirfram ákveðnum lista af áföngum. Val nemenda er skilgreint í framhaldsskólaeiningum.

Í **bundnu pakkavali** velja nemendur brautarinnar einn eða fleiri pakka sem samanstanda af fyrirfram ákveðnum áföngum. Val nemenda er skilgreint í fjölda pakka.

Val um norrænt tungumál (t.d. á stúdentsprófsbrautum) og val á milli þriðja tungumáls, samfélagsgreina eða raungreina (t.d. á öðrum brautum til stúdentsprófs) ætti að vera sett í bundið pakkaval.

Í **bundnu áfangavali** velja nemendur brautarinnar einn eða fleiri áfanga úr fyrirfram ákveðnum lista af áföngum. Val nemenda er skilgreint í framhaldsskólaeiningum.

Leiðbeiningar

Bundið val getur verið annaðhvort val á milli pakka eða val á milli áfanga. Hver braut getur haft margs konar bundið val, t.d. eitt pakkaval og eitt áfangaval eða tvenns konar áfangaval og svo framvegis.

Í **bundnu pakkavali** á t.d. félagsfræðibraut væri hægt að velja milli pakka með fjórum áföngum í sálfræði og pakka með fjórum áföngum í félagsfræði.

Í **bundnu áfangavali** á t.d. íþróttافرæðibraut væri hægt að velja 5 einingar úr lista af íþróttááföngum sem væru samtals 20 einingar.

Frjálst val Annað óskilgreint nám sem nemendur geta valið eða fengið metið

Leiðbeiningar

Segja þarf til um hvort **frjálst val** er leyft á brautinni og gefa nánari lýsingu.

Óþarfi er að setja frjálst val þegar nemandi hefur fyllt í einingafjölda brautar með kjarna og bundnu vali.

Frjálst val getur verið opið, t.d. félagsstarf í skólanum, tónlistarnám, íþróttar- og/eða tómstundaiðkun. Það getur líka verið takmarkað við t.d. ákveðin greinasvið svo sem listgreinar, bóklegt nám eða einingar af öðrum brautum.

Nánari lýsing útskýrir frjálsa valið.

Ástæða getur verið til að minna nemendur á að uppfylla kröfur um fjölda eininga á hæfniprep í vali sínu.

Framsetning námsbrautarlýsingar

NÁMSBRAUT

Titill brautar	Námslok	Hæfniprep
Raunvísindabraut (X)	stúdent	-hæfniprep 3

Lýsing: Staðlaður texti

GRUNNUPPLÝSINGAR Meginatriði brautarlýsingar
Inntökuskilyrði:

Skipulag:

Námsmat:

Starfsnám:

Reglur um námsframvindu:

Hæfniviðmið:

Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að ...

EININGAFJÖLDI Fjöldi framhaldsskólaeininga sem þarf til að útskrifast af brautinni

KJARNI Skylduáfangar brautarinnar
Áfangar:

BUNDIÐ PAKKAVAL

Fjöldi pakka (framhaldsskólaeininga) sem nemendur þurfa að velja:
Áfangar:

BUNDIÐ ÁFANGAVAL

Fjöldi eininga (framhaldsskólaeininga) sem nemendur þurfa að velja:

FRJÁLST VAL Aðrir óskilgreindir áfangar sem nemendur geta valið/metið á námsbrautinni

Lýsing:

[Dæmi um hvernig skóli vinnur með grunnþætti og lykilhæfni \(tengill\)](#)

GRUNNÞÆTTIR OG LYKILHÆFNI Hvernig unnið er með grunnþætti og lykilhæfni

Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar:

Á námsbrautinni er unnið með skapandi hugsun og hagnýtingu þekkingar ...

Heilbrigði:

Á námsbrautinni er unnið með heilbrigði...

Jafnrétti:

Á námsbrautinni er unnið með jafnrétti...

Lýðræði og mannréttindi:

Á námsbrautinni er unnið með lýðræði og mannréttindi...

Menntun til sjálfbærni:

Á námsbrautinni er unnið með menntun til sjálfbærni...

Námshæfni:

Á námsbrautinni er unnið með námshæfni...

Læsi, tjáning og samskipti á íslensku:

Á námsbrautinni er unnið með læsi, tjáningu og samskipti á íslensku...

Læsi, tjáning og samskipti á erlendum tungumálum:

Á námsbrautinni er unnið með læsi, tjáningu og samskipti á erlendum tungumálum...

Læsi, tjáning og samskipti um tölur og upplýsingar:

Á námsbrautinni er unnið með læsi, tjáningu og samskipti um tölur og upplýsingar...

11. Gátlistar við mat á námsbrautum í staðfestingarferli

Próf á 1. hæfniprepi - gátlisti við yfirferð námsbrautar

☐ Staðfesting á braut ☐ Viðurkenning á einkaskóla

Dagsetning:

Framhaldsskólapróf (90 -120 fein)	Önnur lokapróf 30 - 120 fein)	Námsbraut fyrir nemendur með þroskahömlun (allt að 240 fein)
Fjöldi fein:	Fjöldi fein:	Fjöldi fein:

Titill brautar:

Staðfestingarnúmer:

Skóli/ar:

Slóð:

	Í lagi / athugasemdir
Hæfa hæfniviðmið þrepi? (sjá bls. 43 í Aðalnámskrá framhaldsskóla)	
HÆFNI	
Nemandi:	
• getur tjáð hugsanir sínar og tilfinningar í rökréttu samhengi, • getur tjáð sig á einfaldan hátt á erlendum tungumálum, • hefur skýra sjálfsmynd og gerir sér grein fyrir hvernig hann getur hagnýtt sterkar hliðar sínar á skapandi hátt, • getur átt jákvæð og uppbyggileg samskipti og samstarf við annað fólk, • ber virðingu fyrir lífsgildum, mannréttindum og jafnrétti, • ber virðingu fyrir náttúru og umhverfi í alþjóðlegu samhengi, • tekur ábyrgða afstöðu til eigin velferðar, líkamlegrar og andlegrar • hefur tileinkað sér jákvætt viðhorf til náms, • getur verið virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu nær- og fjärsamfélagi, • getur tengt þekkingu sína og leikni við daglegt líf, tækni og vísindi.	
Endurspeglast grunnþættir og lykilhæfni í brautarlýsingu?	
Er fjallað um tengsl náms við atvinnulíf og/eða önnur skólastig?	
Er fjallað um inntökuskilyrði og skilyrði um framvindu náms?	
Er fjallað um nám, kennslu og námsmat?	
Er fjallað um uppbyggingu náms á hæfniprep og áfangalýsingar.	
Er umfang og framsetning almennra greina í takt við hæfniviðmið námsbrautarinnar?	
Er nægilegt samræmi milli brautartitils og fjölda séráfanga?	
Íþróttir, líkams- og heilsurækt (bls. 54, Aðalnámskrá framhaldsskóla)	
Framhaldsskólar skulu skipuleggja námsbrautir þannig að allir nemendur 18 ára og yngri stundi íþróttir – líkams- og heilsurækt. Jafnframt skulu framhaldsskólar skipuleggja námsbrautir þannig að nemendum gefist kostur á að taka íþróttáfanga á hverri önn.	
Fer brautarlýsing til Starfsgreinaráðs til upplýsingar? Ef já, hvaða?	
Áfangalýsingar skoðaðar (taka nokkrar stikkprufur)	Nafn áfanga og athugasemd: Nafn áfanga og athugasemd:
Málfar	

Dreifing náms á hæfniprep samkvæmt námskrá:

Hæfniprep	Viðmið um hlutfall náms	
	Lágmark	Hámark
1	90%	100%
2	0%	10%

Hæfniprep	Hlutfall brautar
1	
2	

Umsögn um námsbraut:

☐ Hafnað með athugasemdum ☐ Staðfest námsbraut

Próf á 2. hæfniprepi - gátlisti við yfirferð námsbrautar

☐ Staðfesting á braut ☐ Tilraunakennsla á námsbraut ☐ Viðurkenning á einkaskóla

Dagsetning:

Framhaldsskólapróf (90 -120 fein)	Próf til starfsréttinda (60-120 fein)	Önnur lokapróf (60 - 120 fein)
Fjöldi fein:	Fjöldi fein:	Fjöldi fein:

Titill brautar:

Staðfestingarnúmer:

Skóli/ar:

Slóð:

	Í lagi / athugasemdir
Hæfa hæfniviðmið þrepi? (sjá bls. 44 í Aðalnámskrá framhaldsskóla)	
HÆFNI	
Nemandi:	
• getur tjáð skoðanir sínar og skýra verklag tengt skilgreindu starfsumhverfi á ábyrgan, sjálfstæðan og skýran hátt,	
• getur tjáð sig á einfaldan og skýran hátt á erlendum tungumálum,	
• ber virðingu fyrir grundvallarreglum starfsumhverfis,	
• býr yfir ábyrgð gagnvart starfi og starfsumhverfi,	
• hefur skýra sjálfsmýnd og gerir sér grein fyrir nýjum tækifærum í umhverfinu,	
• getur verið virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu samfélagi og innan samfélags sérþekkingar og/eða starfsgreinar,	
• getur tengt þekkingu sína og leikni við starfsumhverfi og daglegt líf.	
Endurspeglast grunnþættir og lykilhæfni í brautarlýsingu?	
Er fjallað um tengsl náms við atvinnulíf og/eða önnur skólastig?	
Er fjallað um inntökuskilyrði og skilyrði um framvindu náms?	
Er fjallað um nám, kennslu og námsmat?	
Er fjallað um uppbyggingu náms á hæfniprep og áfangalýsingar.	
Er umfang og framsetning almennra greina í takt við hæfniviðmið námsbrautarinnar?	
Er nægilegt samræmi milli brautartitils og fjölda séráfanga?	
Íþróttir, líkams- og heilsurækt (bls. 54, Aðalnámskrá framhaldsskóla)	
Framhaldsskólar skulu skipuleggja námsbrautir þannig að allir nemendur 18 ára og yngri stundi íþróttir – líkams- og heilsurækt. Jafnframt skulu framhaldsskólar skipuleggja námsbrautir þannig að nemendum gefist kostur á að taka íþróttáfanga á hverri önn.	
Fer brautarlýsing til Starfsgreinaráðs til umsagnar? Ef já, hvaða?	
Áfangalýsingar og áfangaheiti skoðuð (taka nokkrar stikkprufur)	Nafn áfanga og athugasemd: Nafn áfanga og athugasemd:
Málfar	

Dreifing náms á hæfniprep samkvæmt námskrá:

Hæfniprep	Viðmið um hlutfall náms	
	Lágmark	Hámark
1	25%	50%
2	50%	75%
3	0	10%

Hæfniprep	Hlutfall brautar
1	
2	
3	

Umsögn um námsbraut:

☐ Hafnað með athugasemdum ☐ Staðfest námsbraut

Próf á 3. hæfniprepi - gátlisti við yfirferð námsbrautar

☐ Staðfesting á braut ☐ Viðurkenning á einkaskóla

Dagsetning:

Próf til starfsréttinda (180-240 fein)	Önnur lokapróf (150-240)
Fjöldi fein:	Fjöldi fein:

Titill brautar:

Staðfestingarnúmer:

Skóli/ar:

Slóð:

	Í lagi / athugasemdir
Hæfa hæfniviðmið þrepi? (sjá bls. 45 í Aðalnámskrá framhaldsskóla)	
HÆFNI	
Nemandi:	
• getur tjáð skoðanir sínar og skýrt verklag tengt skilgreindu starfsumhverfi á ábyrgan, gagnrýnninn og skýran hátt, • getur tjáð sig á erlendu tungumáli sé þess krafist í starfi eða vegna frekara náms, • býr yfir siðferðilegri ábyrgð í skapandi starfi, • býr yfir ábyrgð gagnvart starfsumhverfi og hagnýtingu almennrar þekkingar sinnar, • getur nýtt þekkingu sína til að greina ný tækifæri í umhverfinu, • býr yfir hæfni til að geta tekist á við frekara nám, • getur verið virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu samfélagi sérþekkingar og/eða starfsgreinar, • býr yfir hæfni til að meta eigið vinnuframlag, • sjái menntun sína í alþjóðlegu samhengi, • getur tengt þekkingu sína og leikni við tækni og vísindi.	
Endurspeglast grunnþættir og lykilhæfni í brautarlýsingu?	
Er fjallað um tengsl náms við atvinnulíf og/eða önnur skólastig?	
Er fjallað um inntökuskilyrði og skilyrði um framvindu náms?	

Er fjallað um nám, kennslu og námsmat?	
Er fjallað um uppbyggingu náms á hæfniprep og áfangalýsingar.	
Er umfang og framsetning almennra greina í takt við hæfniviðmið námsbrautarinnar?	
Er nægilegt samræmi milli brautartitils og fjölda séráfanga?	
Íþróttir, líkams- og heilsurækt (bls. 54, Aðalnámskrá framhaldsskóla) Framhaldsskólar skulu skipuleggja námsbrautir þannig að allir nemendur 18 ára og yngri stundi íþróttir – líkams- og heilsurækt. Jafnframt skulu framhaldsskólar skipuleggja námsbrautir þannig að nemendum gefist kostur á að taka íþróttáfanga á hverri önn.	
Fer brautarlýsing til Starfsgreinaráðs til umsagnar? Ef já, hvaða?	
Áfangalýsingar og áfangaheiti skoðuð (taka nokkrar stikkprufur)	Nafn áfanga og athugasemd: Nafn áfanga og athugasemd:
Málfar	

Dreifing náms á hæfniprep samkvæmt námskrá:

Hæfniprep	Viðmið um hlutfall náms	
	Lágmark	Hámark
1	17%	33%
2	33%	50%
3	17%	33%
4	0	10%

Hæfniprep	Hlutfall brautar
1	
2	
3	
4	

Umsögn um námsbraut:

☐ Hafnað með athugasemdum ☐ Staðfest námsbraut

Stúdent (próf á 3. hæfniprepi) - gátlisti við yfirferð námsbrautar

☐ Staðfesting á braut ☐ Viðurkenning á einkaskóla

Dagsetning:

Bóknámsbraut til stúdentsprófs 200-240 fein.	Aðrar stúdentsbrautir 200-240 fein
Fjöldi fein:	Fjöldi fein:

Titill brautar:

Staðfestingarnúmer:

Skóli/ar:

Slóð:

Hæfa hæfniviðmið þrepi? (sjá bls. 45 í Aðalnámskrá framhaldsskóla) HÆFNI	Í lagi / athugasemdir
--	------------------------------

Nemandi: • getur tjáð skoðanir sínar og skýrt verklag tengt skilgreindu starfsumhverfi á ábyrgan, gagnrýnninn og skýran hátt, • getur tjáð sig á erlendu tungumáli sé þess krafist í starfi eða vegna frekara náms, • býr yfir siðferðilegri ábyrgð í skapandi starfi, • býr yfir ábyrgð gagnvart starfsumhverfi og hagnýtingu almennrar þekkingar sinnar, • getur nýtt þekkingu sína til að greina ný tækifæri í umhverfinu, • býr yfir hæfni til að geta tekist á við frekara nám, • getur verið virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu samfélagi sérþekkingar og/eða starfsgreinar, • býr yfir hæfni til að meta eigið vinnuframlag, • sér menntun sína í alþjóðlegu samhengi, • getur tengt þekkingu sína og leikni við tækni og vísindi.		
Endurspeglast grunnþættir og lykilhæfni í brautarlýsingu?		
Er fjallað um tengsl náms við atvinnulíf og/eða önnur skólastig?		
Er fjallað um inntökuskilyrði og skilyrði um framvindu náms?		
Er fjallað um nám, kennslu og námsmat?		
Er fjallað um uppbyggingu náms á hæfniprep og áfangalýsingar.		
Kjarnagreinar: íslenska, enska og stærðfræði lágmark 45 fein Íslenska: lágmark 20 fein á 2. og 3. þrepi, lágmark 10 á 3. þrepi. Stærðfræði og enska: Lágmarksfjöldi á 2. þrepi eru 5 fein. í annaðhvort stærðfræði eða ensku. Ef valið er að taka lágmarksfjölda eininga á öðru hæfniprepi í stærðfræði þurfa nemendur að taka fleiri einingar í ensku, og öfugt. (Aðalnámskrá framhaldsskóla, bls. 53)		
Lágmarkskrafa um norraent tungumál að hæfniprepi þrjú (Aðalnámskrá framhaldsskóla, bls. 54)		
* Bóknámsbrautir: Lágmarkskrafa um þriðja tungumál að hæfniprepi tvö (Aðalnámskrá framhaldsskóla, bls. 54)		
* Aðrar stúdentsbrautir: val milli þriðja tungumáls, samfélagsgreina eða raungreina að hæfniprepi tvö. (Aðalnámskrá framhaldsskóla, bls. 54)		
Íþróttir, líkams- og heilsurækt (bls. 54, Aðalnámskrá framhaldsskóla) Framhaldsskólar skulu skipuleggja námsbrautir þannig að allir nemendur 18 ára og yngri stundi íþróttir – líkams- og heilsurækt. Jafnframt skulu framhaldsskólar skipuleggja námsbrautir þannig að nemendum gefist kostur á að taka íþróttáfanga á hverri önn.		
Er nægilegt samræmi milli brautartíls og fjölda séráfanga?		
Áfangalýsingar og áfangaheiti skoðuð (taka nokkrar stikkprufur)		Nafn áfanga og athugasemd: Nafn áfanga og athugasemd:
Málfar		

Dreifing náms á hæfniprep samkvæmt námskrá:

Hæfniprep	Viðmið um hlutfall náms	
	Lágmark	Hámark
1	17%	33%
2	33%	50%
3	17%	33%
4	0	10%

Hæfniprep	Hlutfall brautar
1	
2	
3	
4	

Umsögn um námsbraut:

☐

Hafnað með athugasemdum

☐

Staðfest námsbraut

Viðbótarnám við framhaldsskóla (próf á 4. hæfniprepi) - gátlisti við yfirferð námsbrautar

Fjórdá þrepið felur í sér nám sem ýmist fer fram innan eða á vegum framhaldsskóla eða háskóla. Námslok á fjórða þrepi einkennast ýmist af aukinni sérhæfingu og/eða útvíkkun sérhæfingar í tengslum við stjórnun, leiðsögn, þróun eða nýsköpun.

Dagsetning:

Viðbótarnám 30-120 fein.
Fjöldi fein:

Titill brautar:

Staðfestingarnúmer:

Skóli/ar:

Slóð:

	Í lagi / athugasemdir
Hæfa hæfniviðmið þrepi? (sjá bls. 46 í Aðalnámskrá framhaldsskóla) HÆFNI Nemandi:	
• getur tjáð sig um sérhæfða þekkingu sína á íslensku og erlendu tungumáli sé þess krafist í starfi eða vegna frekara náms, • getur tekið þátt í samræðum á grundvelli sérhæfðrar þekkingar og leikni á ábyrgan, gagnrýnninn og skýran hátt, • býr yfir siðferðislegri ábyrgð á hagnýtingu og þróun sérhæfðrar þekkingar sinnar gagnvart starfsumhverfi, • býr yfir hæfni til að vera virkur og ábyrgur í samfélagi sérþekkingar og/eða starfsgreinar, • getur metið eigið vinnuframlag og annarra í tengslum við starfsumhverfi og/eða sérþekkingu á gagnrýnninn og uppbyggilegan hátt, • getur tengt þekkingu sína og leikni við alþjóðlegt umhverfi.	
Endurspeglast grunnþættir og lykilhæfni í brautarlýsingu?	
Er fjallað um tengsl náms við atvinnulíf og/eða önnur skólastig?	
Er fjallað um inntökuskilyrði og skilyrði um framvindu náms?	
Er fjallað um nám, kennslu og námsmat?	
Er fjallað um uppbyggingu náms á hæfniprep og áfangalýsingar?	
Er nægilegt samræmi milli brautartitils og fjölda séráfanga?	
Liggur fyrir samstarfssamningur við háskóla um mat á einingum á háskólastigi?	
Fer brautarlýsing til Starfsgreinaráðs til umsagnar? Ef já, hvaða?	
Áfangalýsingar og áfangaheiti skoðuð (taka nokkrar stikkprufur)	Nafn áfanga og athugasemd: Nafn áfanga og athugasemd:
Málfar	

Dreifing náms á hæfniprep samkvæmt námskrá:

Hæfniprep	Viðmið um hlutfall náms	
	Lágmark	Hámark
3	0%	30%
4	70	100%

Hæfniprep	Hlutfall brautar
3	
4	

Umsögn um námsbraut / niðurstaða:

☐ Hafnað með athugasemdum ☐ Staðfest námsbraut